



Fundur í aðalstjórn Aftureldingar, 6. september 2023.

Fundurinn var haldinn á skrifstofu Aftureldingar kl. 18:00

Mættir stjórnarmenn:

Sigurður Rúnar Magnússon (SRM), Geirarður Long (GL), Inga Hallsteinsdóttir (IH), Hildur Pála Gunnarsdóttir (HPG), Reynir Ingi Árnason (RIÁ)

Mættir starfsmenn:

Grétar Eggertsson (GE) framkvæmdastjóri, Árni Bragi Eyjólfsson (ÁBE) íþróttafulltrúi.

Dagskrá:

- Fjármál**
 - Farið yfir stöðu deilda varðandi fjármál og heilt yfir líta flestar deildir vel út. Framkvæmdastjóri fór yfir einstaka deildir og gerði grein fyrir stöðu þeirra. Aðalstjórn leggur áherslu á að deildir skili inn áætlunum fyrir haustið.
 - Umræða varð um stöðu deilda sem eru í erfiðari stöðu og mun framkvæmdastjóri funda með þeim í framhaldinu.
- Íþróttaskóli barnanna**

Lagt var fram tillaga frá Blakdeild um að taka að sér Íþróttaskóla Aftureldingar. Framkvæmdastjóri og íþróttafulltrúi fóru yfir sitt mat á stöðuna og leggja til að Blakdeildin muni taka þetta verkefni að sér og litið sé svo á að þetta næsta tímabil sé tilraunaverkefni sem verður reglulega endurmetið. Stjórn samþykkti þessa tillögu.
- Starsdagur þjálfara**

Íþróttafulltrúi var ekki á fundi þegar þessi liður var tekin fyrir. Ákveðið að dagsetning yrði sent til stjórnar með tölvupósti og unnið áfram í framhaldinu.
- BUR – knattspyrna**

Gjaldkeri stjórnar sagði frá samtölum og fundum sem hafa átt sér stað með BUR knattspyrnu varðandi fjármál og ráðningu á rekstrarstjóra ráðsins. Gjaldskráhækkun hefur verið samþykkt og einnig samþykkt að ráðið geti ráðið sér rekstrarstjóra en fyrir liggur starfslýsing og hvaða breytingar munu eiga sér stað í starfi BUR með þessari ráðningu.
- Haustið framundan**

Framkvæmdastjóri kynnti það sem er framundan en allt vetrarstarf er að fara af stað. Skipulagning íþróttastarfs hefur gengið ágætlega. Styrktaraðstaða félagsins er að verða fullklár í efri sal en ekki hefur ennþá verið hafin vinna í neðri sal. Framkvæmdastjóri kynnti fyrir stjórn aðgangsstýringarkerfi sem skrifstofa telur að sé nauðsynleg að sé til staðar. Umræða var í stjórn um þessi mál og skrifstofu falið að taka þetta áfram í vinnslu. Framkvæmdastjóri sendir gögn til stjórnar um verkefnið og tilboð þar um.
- Mosfellsbær**

Umræðu frestað



Fundi slitlið kl. 20:10

Grétar Eggertsson ritaði fundargerð.